

Innritun nýnema á starfsbraut Kvennaskólans

Innritun nýnema á starfsbraut Kvennaskólans haustið 2024 hefst 1. febrúar og stendur til 29. febrúar. Gott er að hafa í huga að nauðsynleg gögn fylgi með umsókn um námið. Hægt er að skanna þau inn og senda sem viðhengi í gegnum vef Menntamálastofnunar (<https://mms.is/innritun-i-framhaldsskola>). Einnig þarf að gæta þess að hafa síma og netfang nemanda og foreldra/forráðamanna rétt skráð sem og skrá nafn tengiliðar í skóla nemanda sem hægt væri að hafa samband við til þess að afla frekari upplýsinga um stöðu umsækjanda.

Hér er að finna svör við algengum spurningum:

- **Klukkan hvað byrjar skólinn og hvenær lýkur skóladegi?**
Skóladagurinn okkar hefst kl. 08:30 og stendur til 12:40 eða 13:10 á daginn, eftir því hvort við setjum hádegismat í stundaskrána eða hvort nemendur borði heima eftir skóla. Nemendur eru því alla daga með samfellu í stundaskrá. Reynt er að komast hjá því að fella niður kennslustundir.
- **Hvernig er námið upp byggt hjá ykkur?**
Námið er bóklegt og kennum við út frá leiðsagnarnámi (e. formative assessment). Því eru engin lokapróf hjá okkur heldur lokaverkefni. Nemendur verða að hafa rafræn skilríki og vera það tölvufærir að þeir geti notast við kennslukerfið inna.is. Inna.is er svipað og ef Mentor og Google Classroom væru sett saman í eitt. Rafræn skilríki eru líka mikilvæg fyrir nemendur svo þeir geti skráð sig inn á námskerfið og hlaðið inn Office-pakkanum í tölvuna sína.
- **Get ég komið í heimsókn og fengið að skoða?**
Við verðum með [opið hús](#), föstudaginn 9. febrúar milli kl. 14:00 og 16:00. Ef sá tími hentar ekki þá er velkomið að senda tölvupóst til Elísu Davíðsdóttur, deildarstjóra starfsbrautar, netfanið hennar er elisad@kvenno.is og við finnum heppilegan tíma.

Við hvetjum ykkur til þess að skoða félagslífið í Kvennaskólanum. [Nemendafélagið Keðjan](#) er á Instagram og auglýsir þar helstu viðburði sem nemendur geta sótt.